

Nr. 43/1899:

Réttvísinn

gegn

Stefáni Eiríkssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað gegn hinum ákærða Stefáni bónda Eiríkssyni á Gunnsteinsstöðum eftir skipun amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu fyrir ætlaðan þjófnað og brot gegn 238. og 254. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og var það dæmt í aukarétti Húnavatnssýslu 2. júní f. á. þannig, að ákærði var dæmdur samkvæmt 238. gr. hegningarlaganna fyrir heimildarlausu brúkun á hesti annars manns í 10 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 3 daga einfalt fangelsi og til að greiða 5 kr. skaðabætur til Péturs Péturssonar á Sauðárkrók. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir hlutadeigandi amtmaður áfrýjað til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar og fyrir hönd dómfelda.

Hin umfangsmikla sakamálsrannsókn gegn ákærða hefir að miklu leyti stefnt að því, að komast fyrir, hvað tilhæft væri í ýmsum kærum og grunsemdum um óráðvandlega meðferð ákærða á annara sauðfé, en með rannsókninni hefir ekkert upplýst orðið, er bendi á að kærði hafi dregið eða viljað draga undir sig kindur annara eða yfir höfuð neitt, er saknæmt verði talið í þessa átt, og verður því yfirdómurinn að fallast á, að undirdómurinn hefir sýknað ákærða í þessu atriði. Sérstak-

lega skal það tekið fram, að það er engin ástæða til að álíta, eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, að ákærði hafi óráðvandlega ætlað að draga sér sauð þann, er hann eftir samkomulagi greiddi Sigurði Jakobssyni á Hóli endurgjald fyrir, jafnvel þótt ákærði vegna óljósra markleifa, er á sauðinum fundust, teldi líklegast að hann myndi í ógáti hafa komist til sín og verið markaður undir sitt mark, og vildi því sleppa honum við Sigurð þennan, sem þó eigi treystist til að helga sér hann með eidi.

Þá hefir ákærða verið gefið að sök, að hann hafi tekið til sín 1½ kapal af reipum, sem fráfarandi jarðarinuar Gunnsteinsstaða hafði skilið þar eftir, og að hafa eitt sinu gefið hesti sínum af heyi, er sambýlismaður hans átti. En þetta hvortveggja er alls ósannað, þrátt fyrir rannsókn þá, er fram hefir farið, og sömuleiðis hefir það upplýst orðið viðvikjandi torftöku af heyi sambýlismanns ákærða, er ákærði hefir verið sakaður um, að ákærði átti eða áleit að hann ætti torfið, og tók það því af heyinu, en sagði jafnframt til þess á býli því, þar sem heyið var, að hann hefði tekið torfið. Þá hefir það heldur eigi sannast á ákærða, að hann hafi kastað eign sinni á lokað bréf með 40 aurum í, sem hann hafi átt að skila öðrum manni, en skýrslur málsins virðast benda á, að sögusögn ákærða um, að hann hafi að eins tekið að sér að borga umrædda 40 aura frá sjálfum sér, sé sönn.

Loks hefir ákærði verið sakaður um það, að

hafa heimildarlaust brúkað hesta Péturs Pétursonar á Saudárkróki í sínar þarfir nokkrum sinnum vorið og sumarið 1896, en Pétur þessi notaði þriðung jarðarinnar á móti ákærða. En með prófum málsins verður að álíta það upplýst með framburði ákærða, sem styðst að nokkru leyti við viðurkenning Péturs og eiðfesta skýrslu kaupamanns hans, að ákærði hafi haft leyfi Péturs til að brúka hestana, þegar honum lægi á; að vísu hefir ákærði kannast við, að hann, áður en þetta leyfi eigandans var fengið, hafi eitt sinn notað hest Péturs fram að Blöndudalshólum, sem telst vera um 1½ tíma lestagangur, en ákærði hefir tekið það fram, að þá hafi verið fremur vingott með þeim Pétri og hafi hann því þótst geta talið sjálfsagt, að Pétur mundi hafa leyft sér þessa litlu brúkun á hestinum, ef til hans hefði náðst, og þessi ætlun ákærða virðist og hafa reynst á rökum byggð, þar sem Pétur síðar leyfði honum að brúka hestana í viðlögum til sinna þarfa. Þar sem svo stóð á, virðist það eigi rétt, að láta ákærða sæta refsingu fyrir brúkun þá, á þessum eina hesti, sem hér er um að ræða.

Samkvæmt framanskráðu verður eigi álitið að ákærði hafi orðið sekur í neinum af glæpum þeim eða yfirsjónum, sem honum hafa verið gefnar að sök, og verður því að dæma hann sýknan af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnað allan bæði í héraði og fyrir yfirdómi ber að greiða af almannafé, þar með talin málfutningslaun til

sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærilan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Stefán Eiríksson á Gunnsteinsstöðum á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Allur málskostnaður bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benedikts-sonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr landssjóði.

Mánudaginn 12. febrúarmánaðar.

Nr. 34/1899:

Halldór Bjarnarson

gegn

Jóni Benjamínssyni.

Dómur:

Mál þetta er í héraði höfðað af áfrýjanda Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum gegn stefnda Jóni Benjamínssyni á Gilsbakka í Þingeyjarsýslu út af meiðyrðum um hann í yfirlýsingu eða vottorði, er stefndi og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og fengið Einari Einarsyni nokkrum, er síðan lét prenta vottorðið aftan við ritling, er hann gaf út árið 1897 og sem nefnd-